

sbr. þó 13. gr. nefndra laga 1883. Þetta ástand væri mjög óheppilegt. Því **79**
þykir rjettast eftir atvikum, og sjerstaklega þar sem tvo bæjarfulltrúa vantaði á **20. maí**
fundinn 18. mars þ. á., að lögregluþjónssýslanin verði auglýst laus af nýju með
hæfilegum fresti og síðan veitt eins og lög mæla fyrir, en þangað til setjið þjer
hæfan mann til að gegna sýslaninni.

Þetta er yður hjermeð tjáð til eftirbreytni og birtingar fyrir bæjar-
stjórninni.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu *um flutning* **80**
þingstaðar. **23. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 29. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Öxnadalshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
sitt til þess að þingstaður nefnds hrepps verði að Þverá í Öxnadal, enda annist
hreppsnefndin um það að jafnan verði til á þingstað þessum hæfilegt hús til
þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari
birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu *um flutning* **81**
þingstaðar. **23. maí**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 29. f. m., og
beiðni hreppsnefndarinnar í Árskógshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
sitt til þess, að þingstaður nefnds hrepps verði framvegis að Litla-Árskógssandi,
enda annist hreppsnefndin um það, að jafnan verði til á þingstað þessum hæfi-
legt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu *um kjörtímabil*
sýslunefndarmanna. **82**
Stjórnarráðið hefir 26. þ. m. sent yður, herra sýslumaður, svohljóðandi **31. maí**
simskeyti:

»Með simskeyti í dag hafið þér skýrt stjórnarráðinu frá að þjer 23. þessa
mánaðar hafið felt úr gildi ályktun sýslunefndar Suður-Múlasýslu á aðalfundi 22.
þessa mánaðar um að Guðmundur Ásbjarnarson skuli sitja á fundinum sem sýslu-
nefndarmaður Eskifjarðarhrepps. Með því að stjórnarráðið telur þenna úrskurð
yðar andstæðan lögum, hefir það samkvæmt 81. grein sveitarstjórnarlaganna felt
nefndan úrskurð yðar úr gildi. Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og
birtingar fyrir sýslunefndinni, að því viðbættu, að ástæður fyrir þessum úrskurði
stjórnarráðsins verða birtar yður brjeflega með næsta pósti.«

Þetta staðfestist hjermeð.